

## Geðheilbrigði á tímum óvissu

Geðheilbrigðismál hafa því miður sætt afgangi í heilbrigðis- og félagskerfinu á Íslandi um langt árabíl. Umfang málaflokksins er nú þriðjungur af heilbrigðiskerfinu en fjárveitingar hafa alls ekki verið í takti við umfangið. Áætlað er að um 10% af heildarútgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála fari í geðheilbrigði. Geðhjálp hefur ítrekað bent stjórnvöldum á þessa staðreynd.

Afleiðingar af þessu sjást t.d. í tölum Tryggingastofnunar um örorku en samkvæmt þeim voru örorkulífeyrisþegar af völdum geðraskana árið 1990 samtals 2.522 eða 30% af heildarfjölda örorkulífeyrisþega. Nú þrjátíu árum síðar eru þeir 7.262 eða 37% af heildarfjölda. Þetta er aukning um 223% á þessum þrjátíu árum. Eins má nefna þróun á tölum um geðraskanir, alvarlegar sem vægar, svo sem kvíða og þunglyndi.

Nú er komin upp alvarleg staða í samfélaginu vegna COVID-19 faraldursins. Margir eru einangraðir og dregið hefur stórlega úr þjónustu og úrræðum til fólks sem er að glíma við geðrænar áskoranir þar sem heilu úrræðin hafa neyðst til að loka vegna samkomubanns. Kvíði, einmanaleiki og ótti er eitthvað sem æ fleiri tengja við á þessum tímum en viðkvæmstu hóparnir eru í sérstaklega erfiðri stöðu. Það er mat stjórnar Geðhjálpar að þetta ástand eigi aðeins eftir að versna eftir því sem samkomubann og lokanir úrræða og þjónustu vara lengur. Það er á tímum sem þessum sem ríður á að gera allt sem hægt er svo afleiðingar þeirrar geðheilbrigðisáskorunar, sem þessi faraldur er, valdi ekki samfélagslegum erfiðleikum langt inn í framtíðina.

Lönd um allan heim eru að beina aukinni athygli að geðheilbrigði, ekki aðeins viðkvæmra hópa heldur alls almennings. Yfirvöld víða eru þannig farin að bregðast við ástandinu ásamt því að leggja á ráðin um hvernig taka eigi á mögulegri aukningu í eftirspurn eftir geðheilbrigðisþjónustu er faraldurinn rénar.

Íslensk stjórnvöld þurfa að slást í þennan hóp og bregðast við án tafar. Æskilegt væri að kalla strax saman lykil haghafa í kerfinu, einhverskonar „Geðráð“, og bæta við þá geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum sem þegar er í gildi. Móta þarf aðgerðir og laga fjárveitingar að ástandinu og hvernig það er líklegast til að þróast til skemmri og lengri tíma. Þá verður að tryggja að í slíkri vinnu verði fulltrúar notenda hafðir með í ráðum. Það er skynsamlegt að vinna með orsakir núna og draga þannig úr mögulegum afleiðingum viðbragðsleysis síðar. Nú er ekki tími til að draga saman seglin heldur nýta tækifærið til að gefa í og hugsa til framtíðar.

Ef ekki verður brugðist við núna er hættu á að við sem samfélag sitjum uppi með ástand sem erfitt verður að vinna úr seinna meir. Efnahagslífið mun fyrr eða síðar fara í gang aftur en það, líkt og samfélagið allt, hvílir á geðheilsu þjóðarinnar. Gleymum ekki geðheilsu í björgunarápökkunum. Góð geðheilsa er undirstaða hvers samfélags.

**Stjórn Landssamtakanna Geðhjálp**